

AUGLÝSING

um innflutning og sölu sérlyfja handa dýrum.

Í framhaldi af auglýsingu um útgáfu sérlyfjaskrár, innflutning sérlyfja og sölu birgða óskráðra sérlyfja, nr. 199 30. september 1965, er hér með, með vísun til 66. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963, veitt undanþága frá ákvæðum framan-greindrar auglýsingar um gildistöku sérlyfjaskrár, til að flytja inn til 1. júlí 1966 óskráð sérlyf handa dýrum, enda séu þau greind í Lyfjaverðskrá III, Dýralyf, kafla B, sérlyfjaskrá frá 15. október 1965, og jafnframt veitt undanþága til að selja til 1. janúar 1968 þær birgðir óskráðra sérlyfja, sem sannanlega eru tollafgreiddar fyrir 1. júlí 1966 og greind eru í nefndri Lyfjaverðskrá III.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 227.

27. desember 1965.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 22. desember 1965 og innheimta á árinu 1966 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum frá 22. desember 1965.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reiknað þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1965.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.